

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## SORPA Álfsnesi Reykjavík



<b>Dags eftirlits</b>	18.10.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Steinunn Karlsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	SORPA Álfsnesi	<b>Eftirlitsmaður</b>	Einar Halldórsson
<b>Heimili</b>	Álfsnes	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5105881189	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Bjarni Gnýr Hjarðar	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.00
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Þorleifur Þorbjörnsson	<b>Staðsetning</b>	366624,722 412355,277

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið komu fram þrjú frávík er varða mikið magn dekkjakurls í geymslu, að svæðið sé ekki með öllu afgirt og skráningar á sigi. Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu. Samhliða eftirlitinu fór fram samráðsfundur með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

### UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Magn úrgangs sem berst inn til rekstraraðila hefur aukist umtalsvert frá síðasta ári. Tölur frá rekstraraðila yfir magn urðaðs úrgangs sýna að urðaður úrgangur er yfir mörkum starfsleyfis frá árinu 2010 en mörkin eru 120.000 tonn á ári. Rekstraraðili telur tvennt til sem rök fyrir því að ekki sé verið að fara fram úr heimildum starfsleyfis. Fyrst að hluti að því sem fer inn í Gými II sé tekið út úr honum og selt til annarra aðila, þessar tölur hafa ekki verið dregnar frá í tölum um magn urðaðs úrgangs sem borist hafa eftirlitsaðila. Annað sem rekstraraðili nefnir er að fyrir 2010 hafi ekki verið urðuð 120.000 tonn á ári og áskilur rekstraraðili sér þann rétt að nota heimildir fyrri ára sem voru ekki nýttar. Rekstraraðili segir að ekki sé farið fram úr móttökugetu urðunarstaðarins sem sé á bilinu 1,7 – 3,0 milljónir tonna (skv. umsókn um starfsleyfi frá 2014). Eftirlitsaðili felst á að það sem tekið hefur verið út úr Gými megi draga frá því magni sem er urðað á svæðinu en minnir á að slíkt verði að koma fram í gögnum sem skilað er inn til eftirlitsaðila. Eftirlitsaðili óskaði eftir magntölum að eftirliti loknu vegna þess sem er tekið út úr Gými og selt. Rekstraraðili skilaði þeim inn 15. nóvember sl., ef þær eru dregnar frá því sem er urðað í Álfsnesi þá er magn urðaðs úrgangs ekki yfir mörkum starfsleyfis. Hvað varðar þau rök að rekstraraðili megi nota ónýttar heimildir fyrri ára þá er það ekki heimilt skv. gildandi starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur leitast við að minnka lyktarmengun frá urðunarstaðnum meðal annars með aðgerðum við Gými II þar sem urðaður er lífrænn úrgangur. Í skýrslu um *Lyktarvarnir á urðunarstað Höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi* sem var gefin út í apríl sl. kemur fram að þær aðgerðir sem á að fara í við Gými í ár. Rekstraraðili segir að þessar aðgerðir séu ekki á áætlun en það standi til að bæta úr því. Það sem m.a. er búið að gera í ár til að sporna við lykt frá Gými II er að setja upp tæki sem gefur frá sér óson sem er lyktareyðandi.

Áætlað er að gas- og jarðgerðarstöð verði tekin í notkun áramótin 2019-2020.

Mælingar á hæð yfirborðs yfir sjávarmáli voru gerðar í Álfsnesi ári 2013 og áætlað er að gera aðra slíka mælingu á næsta ári, þá er fyrst hægt að segja til um hversu mikið haugurinn hefur sigið. Samkvæmt starfsleyfi Sorpu sem gefið var út árið 2015 á árlega að skila inn mælingum á umfangi urðaðs úrgangs.

Heimild er fyrir móttöku asbests er á urðunarstaðnum. Þeir sem ætla að rífa niður asbest verða að hafa leyfi fyrir því frá Heilbrigðiseftirliti á viðkomandi svæði. Rekstraraðili hefur tekið við asbesti frá öllum þeim sækjast eftir því að urða asbest í Álfsnesi. Það hefur verið gert á þeim forsendum að það væri betra að urða asbest þar sem leyfi væri fyrir því heldur en það væri

losað annarsstaðar.

Samkvæmt 4. mgr. gr. 2.1 í starfsleyfi Sorpu Álfsnesi segir að aðgangur að athafnasvæði skuli vera takmarkaður og svæðið girt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Umhverfisstofnun bendir á að ákvæðið mælir fyrir um að athafnasvæðið skuli girt. Það er því ekki í samræmi við núgildandi starfsleyfi að girða einungis urðunarrein sem er í notkun eða bara hluta af athafnasvæði Sorpu í Álfsnesi.

Niðurstöður sigvatnsmælinga fyrir árið 2017 hafa borist eftirlitsaðila. Skv. gr. 5.2 í starfsleyfi á fyrsta mæling á mengun í sjávarseti að fara fram í ár. Mælingin hefur verið framkvæmd og voru sýni tekin úr kræklingum sem komið var fyrir í búi við útrás sigvatns. Í eftirliti kom fram að mælingarnar voru framkvæmdar af Nýsköpunarmiðstöð Íslands og niðurstöður þeirra voru eru væntanlegar 1. nóvember.

Farið var um svæðið með settum staðarstjóra, Þorleifi Þorbjörnssyni, ásamt nýjum staðarstjóra sem mun taka við 1. nóvember nk. Góð verkstjórn virðist vera á svæðinu og það vel frá gengið að mestu leiti. Aðstæður í rein 20 voru skoðaðar ásamt núverandi urðunarreinum númer 12 og 13. Framkvæmdir við urðunarrein 20 hafa dregist en rekstraraðili vonast til þess að reinin verði tekin í notkun fyrir áramót enda er lítið pláss eftir í urðanreinum 12 og 13. Í norðurausturhluta svæðisins er mikið dekkjakurl í einum haug og er magnið í haugnum mun meira en leyfi er fyrir í starfsleyfi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.2 í starfsleyfi	Í einum haug á urðunarstaðnum er til geymslu umtalsvert magna af dekkjakurli en skv. gr. 1.2 í starfsleyfi er einungis heimilt að geyma 5000 m <sup>3</sup> af hjólbörðum og plasti hverju sinni og skal hver geymsluhaugur vera að hámarki 4 m hár og 2500 m <sup>3</sup> . Haugurinn sem er á svæðinu er yfir þessum mörkum.
Gr. 2.1 í starfsleyfi	Engin girðing afmarkar svæðið til norðvesturs. Skv. gr. 2.1 skal svæðið vera afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega úrgangslosun.
Gr. 5.1 og 5.4 í starfsleyfi	Skráningar yfir breytingar á umfangi urðaðs úrgangs voru ekki aðgengilegar eftirlitsaðila. Skv. gr. 5.1 í starfsleyfi skal skrá breytingar á umfangi urðaðs úrgangs og skv. gr. 5.4 skal þeim skilað inn fyrir 1. maí ár hvert.

#### ATHUGASEMDIR

Minnt er á að rekstraraðili á að skila fundargerð vegna samráðsfundar.

#### ANNÆÐ

Viðstödd eftirlitið voru Ásbjörn Einarsson ráðgjafi, Eiður Guðmundsson nýr staðarstjóri og Berglind Ósk Þ. Þórólfsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

Reykjavík, 30.11.2017

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

*STEINUNN KARLSDÓTTIR*  
Steinunn Karlsdóttir